

Alþingi
Erindi nr. P 139/1649
komudagur 3.3.2011

139. löggjafarþing 2010–2011.

Álit
um tillögur til þingsályktunar.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Utanríkisráðgjafanefnd óskaði eftir því með tölvupósti, dags. 1. febrúar 2011, að viðskiptanefnd léti í té álit sitt á:

- a. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2010 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (235. mál).
- b. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (216. mál).
- c. tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2008, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (134. mál).

Meiri hlutinn gerir ekki athugasemd við það að hinum stjórnskipulega fyrirvara verði aflétt af umræddum ESB-gerðum.

Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson og Valgerður Bjarnadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Eygló Harðardóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara þar sem nefndin hafi hvorki haft aðkomu að því sem óskað er álits á né tækifæri til að taka formlega afstöðu.

Alþingi, 3. mars 2011
Lilja Mósedóttir
Magnús Orri Schram
Skúli Helgason
Eygló Harðardóttir
með fyrirvara
Atli Gíslason